



Samantekt - Opinn íbúafundur vegna gerð stjórnnunar- og verndaraáætlunar fyrir landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal

Mánudaginn 13. september 2021 - 16:00-18:00 í Árnesi



Dagskrá

Opnun fundar

- Hákon Ásgeirsson og Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Hvað felst í stjórnunar- og verndaráætlun?

- Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Hvers vegna stjórnunar og verndaraáætlun fyrir Þjórsárdal?

- Hákon Ásgeirsson

Umræður

Menningarminjar

Innviðir (göngustígar, reiðleiðir, hjólaleiðir, þjónusta s.s. salerni o.fl.)

Landnýting (ferðaþjónusta, skógrækt o.fl.)

Öryggismál

Umsjón og fræðsla (landvarsla o.fl.)



Menningaminjar

Fulltrúi Minjastofnunar fjallaði um mikilvægi þess að miðla betur og meira þeim menningararfi sem finnst í Þjórsárdal. Svæðið er ekki mikið raskað eins og eftir jarðýtur og aðrar framkvæmdir í tengslum við landnýtingu og er því svæðið merkilegt á lands- og heimsmælikvarða, það er því mikilvægt að horfa heildstætt á dalinn.

Umræður um uppbyggingu og stýringu í tengslum við minjar:

- Gönguleiðir þar sem þú upplifir minjarnar á meðan þú gengur í gegnum dalinn.
- Nýta tæknina til að miðla – starfræn miðlun.
- Mikilvægt að finna jafnvægi, þar sem umhverfið er virt en samt upplýsandi og gefandi – er það app í símann? Hljóðleiðsögn eða skilti? QR kóði? Til dæmis hægt að leggja áherslu á að lesa af skilti en ef þú vilt meira þá skannar þú QR kóða og færð ítarlegri upplýsingar.
- Er svæðið fullrannsakað? Að sögn Minjastofnunar þá er svæðið ekki full-rannsakað. Byggðarsaga er ekki á hreinu og til dæmis þá er ekki vitað með vissu hvernig dalurinn fór í eyði, þetta er því óleyst og spennandi viðfangsefni.
- Áskorun að fá fjármagn í rannsóknir, væri hægt að tengja rannsóknir við fræðslu og skilti og upplýsingar inn á appið – sýna fram á afurðina mjög skýrt. Þá gæti styrkt ferðaþjónustuna að margir hafa áhuga á að koma og sjá rannsóknarvinnu „in action“.

- Sumt sem var til umræðu áður er orðið úrelt í dag – hraðar breytingar og framfarir, núna virðist áherslan vera á: „less is more“, fólk sammála að gera ekki of mikið.
- Stígurinn frá Stöng yfir í Gjáanna – fallegur stígur og fellur vel að umhverfinu – vinna með það að leiðarljósi, ekki setja stíg þar sem þarf ekki – vinna með umhverfinu –
- Talað um 20+ bæi í Þjórsárdal áður fyrr, en er gott að fá mikla umferð inn á þessi svæði? Eiga að vera pallar utan um þessar minjarog girða þær af, er það of mikið inngrip eða er það mikilvægt?
- Væri gaman að geta gengið dalinn og sjá þessar minjar – mikilvægt að velja minjastaði sem þola umferð fólks. Veita almenning á þessa völdu staði.
- Skipulagðar ferðir um þessi minjasvæði með leiðsögn.
- Væri hægt að hafa app í símanum með korti sem segir eitthvað um þessi svæði, þar sem þú færð allar þessar upplýsingar.
- Hugmyndir um að Stöng verði ákveðinn miðpunktur verndarsvæðisins. Hafa þar einhverja miðstöð upplýsinga þar sem jafnvel er hægt að hlaða niður í símann sinn upplýsingum.

Innviðir (göngustígar, reiðleiðir, salerni o.fl.)

Umræður um salerni

- Að salernin sem eru komin verði lagfærð og/eða endurnýjuð. .
- Ekki jákvætt endilega að hafasalerni alstaðar, frekar vísa á hvar salerni eru til staðar.

Umræður um göngustíga og slóða

- Megin þorri gesta fer að Hjalparfossi og að Stöngu – Beina ferðapjónustuaðilum og gestum á þessa staði sem geta tekið á móti fjölda ferðamanna.
- Gamlir vegslóðar, nýttir af bændum þegar svæðið er smalað. Þessir vergir skilgreindir til sérstakra nota.
- Reiðstígar eru á aðalskipulagi og , útivistarskipulagi fyrir Þjórsárdal. Mikilvægt að kortasjá Landsambands hestamanna sé í samræmi við það. Samræmdar upplýsingar á öllum stöðum.
- Á þessum tímamarki ekki þörf á að hafa ólíka reið/göngu og hjólastíga, en hægt að taka upp ef þörf er á ef umferð eykst mikið.. Ekki æskilegt að aðgreina alla þessa tegund ferðamáta.
- Þríhyrningsskilti – hver tekur tillit til hvers? Útbúa íslenska útgáfu af þessari fræðslu?

Áherslur í verndun náttúruminja

- Merkar jarðminjar, einstakt svæði jarðfræðilega, á sama tíma erum við að endurheimta vistgerðir, birkiskóga og uppgræðsla á vikursvæðum.
- Þarf að vera samræmt við aðalskipulag, hvað á að gera við fornar námur sem eru við gervígigana, á að láta þær hverfa hægt og rólega eða fara í aðgerðir?
- Gervígigar mjög sérstæðir – eitthvað sem Náttúrufræðistofnun Íslands leggur áherslu á að vernda.

Landnýting (ferðaþjónusta, skógrækt o.fl.)

Ferðaþjónusta

- Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vera í góðu sambandi við ferðaþjónustuaðila – Stefnt er á að gerð verði atvinnustefna fyrir friðlýst svæði.
- Stefnt að því að fjölga teljum á svæðunum. Er teljari við efra bílastæðið við Gjánna, gestabók við Stöng.
- Ferðaþjónustan er fjölbreytt, hjólreiðar, hestaferðir, þyrluflug, gönguferðir, spurning hvernig þetta er á veturna?
- Skilti á fjallabaki sem sýnir að vegurinn er einungis fyrir breytta bíla.
- Landvirkjun lætur moka upp að Sigöldu. Huga þarf að því hvernig snjómokstri er háttað á svæðinu. Hvar verður opið og hvar ekki.

Þyrluflug

- Þyrluflug þarf að skoða vel. Ætti að takmarka eins og mögulegt er – fuglar og ungar fælast rosalega – truflar ferðafólk sem er á göngu. Ætti að skilgreina landingarstaði?
-
- Hvernig er hægt að mæta þeirra þörfum og finna góða landingu. Landingarstaði?
- Ákjósanlegt að hafa einn landingarstað, góður göngustígur þaðan að Háafossi.
-



Öryggismál

- Farvegurinn getur verið hættulegur við nýju brúna, ef fólk er á góðum sumardegum að busla í lindánni sem er voða saklaus að sjá, svo kemur fossinn niður – getur ýmislegt gerst.
- Háifoss – hættur sem erfitt er að koma í veg fyrir – aldrei hægt að koma í veg fyrir það.
- Öryggi á gönguleiðum og hvaða gönguleiðir eru valdar og merkingar varðandi erfiðleikastig. Mikilvægt að merja vegalengdir og erfiðleikastig er mikilvægt.
- Eins með hjólaleiðir, bæði innan friðlands og útivistarplanið, þar þarf líka að gefa til kynna erfiðleikastig fyrir hjólandi, það er líka ákveðið öryggi og tengingar og flæði milli svæða hvort það sé friðland, minjastofnun, skógrækt og fleira.
- Sem dæmi friðlandið að Fjallabaki – stikur breytast utan friðlandsins en Umhverfisstofnun er að reyna að efla samstarf um þetta, sama viðhald innan og utan svo fólk verði ekki ruglað.
- Hvernig kemst björgunarsveitin að? Huga að því. Hvað er langt í næstu björgunarsveit?

Landnýting (ferðapjónusta, skógrækt o.fl).

- Upplýsingahús? Sameiginlega gestastofu?
- Grundvöllur þess að það geti verið leiðsögn í dalnum? Staðsetning á henni, á hún að vera miðsvæðis eða neðarlega í dalnum? Búið að ræða, við Selhöfða verði gestastofa.

Skógrækt

Í tengslum við friðlýsingu svæðisins þá var lagt áherslu á að planta ekki í hólana og taka frá svæði þar sem þeir fá að njóta sín og að hægt sé að sjá formin og þéttleikann. Með skógræktinni þá hverfa þessir hólmar. Sama vandamál með menningarmínjar, stórt skref við samning við Skógræktina að sá bara birki. Þarf að rífa upp kringum suma minjastaði.

Umsjón og fræðsla (landvarsla o.fl.)

Hvernig sjáum við fyrir okkur fræðslu og upplýsingar á svæðinu?

- Landvarsla ofboðslega mikilvæg, og mikilvægt ef stofnanir gætu sameinast um það, Minjastofnun og Umhverfisstofnun, sýnt sig allsstaðar, ef það er landvarsla þá batnar allt, bæði hvað varðar fræðslu, umgengni og fleira.
- Landverðir fræða um sögu svo þar kemur Minjastofnun inn í, getum nýtt landvörð í náttúru og menningarmínjum.
- Hugmynd að koma því á að landvörður með lifandi leiðsögn skorar hæst með öllu, væri jákvætt að hafa lifandi leiðsögn fast til dæmis.
- Vera með fastar fræðslugöngur.
- Sérstakur hluti á landvarðanámskeið er hvernig þú fræðir um menningarmínjar og hvernig þú kemur því frá þér.
- Þarf að vera jafnvægi á milli skilta og landvörslu svo þú komir ekki að engu á meðan landvörður er upptekinn á öðrum stöðum innan svæðisins.
- Fræðsla þarf ekki endilega að vera skilti, getur verið tækifæri til að stoppa, lítið bílastæði til dæmis til að stoppa og upplifa.
- Passa upp á að heimafólkið vinni inn á svæðinu. Frásagnalist.
- Meginhlutverk landvarða er að fræða og upplýsa – ekki að vera löggur